



María Björk Ingvadóttir,
framkvæmdastjóri Félagsráðgjafafélags Íslands

Hlaðvarp Félagsráðgjafafélags Íslands – nýr vettvangur fyrir samtal og þekkingu



Hlaðvarp Félagsráðgjafafélags Íslands hefur á stuttum tíma orðið mikilvægur vettvangur fyrir faglegt samtal, miðlun þekkingar og aukinn sýnileika félagsráðgjafa. Markmið þess er að skapa aðgengilegt rými þar sem félagsráðgjafar, fræðafólk, stjórnendur og aðrir sérfræðingar geta rætt málefni sem brenna á faginu hverju sinni.

Í húsnæði félagsins í Borgartúni 27 hefur verið komið upp vel búinni hlaðvarpsaðstöðu með vönduðum upptöku- og hljóðbúnaði. Þar eru tekin upp viðtöl, umræður og kynningar sem nýtast bæði félagsfólki og almenningi. Aðstaðan er jafnframt

nýtt til að taka upp viðtöl við höfundu greina í Tímariti félagsráðgjafa sem tengd eru greinunum með QR-kóðum og skapa þannig nýja vídd í miðlun faglegs efnis.

Á tímum hraðra samfélagsbreytinga, tækniframfara og aukins flækjustigs í velferðarþjónustu er mikilvægt að fagið eigi vettvang þar sem hægt er að bregðast hratt við nýjum áskorunum og halda umræðunni lifandi. Hlaðvarpið gerir félaginu kleift að vera með puttann á púlsinum, fylgjast með þróuninni og miðla upplýsingum þegar þær skipta mestu máli.

Hlaðvarpið er jafnframt mikilvægur hlekkur í heildstæðri miðlun félagsins. Samspil vefsíðu, samfélagsmiðla, fréttabréfa, tímaritsins og hlaðvarpsins styrkir sýnileika félagsráðgjafa og eykur aðgengi að faglegri umræðu. Þannig verður til lifandi tengslanet þekkingar sem nær til félagsfólks um allt land.

Hlaðvarpið er aðgengilegt á Spotify, Apple Podcasts og YouTube og er opið öllum sem vilja fylgjast með þróun félagsráðgjafa og samfélagsmálum sem snerta fagið. Við hvetjum félagsráðgjafa til að senda inn hugmyndir að viðfangsefnum og viðmælendum. Með þátttöku félagsfólks verður hlaðvarpið áfram lifandi vettvangur fyrir faglega umræðu, nýjar hugmyndir og öfluga miðlun þekkingar.



*Skemmtileg viðtöl
og umfjallanir má
finna í hlaðvarpi FÍ*

